

og er þá óheimilt að framleiða aðrar fisktegundir til útflutnings eða verka fiskinn 25  
á annan hátt, en ráðuneytið hefur ákveðið. Ráðuneytið getur einnig sett reglur um 11. febr.  
móttöku fisks hjá fiskvinnslustöðvum.

#### 9. gr.

Ábyrgð sú, er um ræðir í 1. og 2. gr., miðast við að fiskurinn fullnægi kröfum  
þeim, sem gilda á hverjum tíma um mat á freðfiski til útflutnings.

#### 10. gr.

Ábyrgð sú, er um ræðir í 5. gr., miðast við saltfisk, sem er fullsaltaður og full-  
staðinn, metinn af löggiltum matsmönnum og pakkaður í hessianstriga.

Ríkisstjórnin getur síðar ákveðið, hvort þurrka skuli einhvern hluta saltfisksins  
og mun þá ákveða verðtryggingu hans.

#### 11. gr.

Selji hlutasjómenn og útgerðarmenn fisk sinn öðrum, skal kaupandinn, ef  
krafizt verður, færa sönnur á, sem ráðuneytið metur gildar, að hann hafi greitt  
það lágmarksverð á fiskinum, sem auglýst hefur verið af ráðuneytinu.

#### 12. gr.

Allir þeir, sem framleiða fisk, er ábyrgð ríkissjóðs samkv. IV. kafla laga nr.  
128/1947 tekur til, skulu gefa skýrslur um framleiðslu sína í því formi og svo oft,  
sem ráðuneytið telur nauðsynlegt.

#### 13. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná einungis til þess fisks, sem aflað er af báta-  
útveginum.

#### 14. gr.

Ríkisstjórnin getur falið sérstakri nefnd, að annast alla framkvæmd reglu-  
gerðar þessarar.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 128/1947 til að öðlast gildi þegar í  
stað, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 21 17. febr. 1947.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. febrúar 1948.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

um söluskatt af innfluttum vörum.

26

12. febr.

### A.

Til ársloka 1948 skal greiða 2% söluskatt af tollverði allrar innfluttrar vöru,  
að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði, og  
tekur gjaldskyldan einnig til vara til ríkisstofnana og annarra aðila. Undanþegnar  
söluskattinum eru vörur þær, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna, svo og  
vörur þær, sem taldar eru undir B hér á eftir.

Í 1. málsg. 10. gr. tollskrárlaganna segir fyrir um það, hvað sé tollverð vöru.  
Frá þeirri reglu gildir sú undantekning, að ekki skal telja farmgjald í tollverði  
sykurs, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrárinnar.

12. febr. Undanþegnar söluskatti eru þessar innflutningsvörur auk þeirra, sem taldar eru í 2. og 3. gr. tollskrárlaganna:

Tollskrá		
Kafli	Nr.	
25	9	Borðsalt.
	10	Annað salt.
27	14	Steinolía, óhreinsuð, (hráolía).
	17	Aðrar brennsuoliur til véla, ót. a.
	18	Smurningsoliur.
40	21	Tunnustafir, tunnubotnar og tunnusvigar úr trjáviði.
	22	Spons úr trjáviði.
	23	Siglugjarðir úr trjáviði.
	24	Annað tilsníðið tunnuefni úr trjáviði
	26	Trékassar, hálfunnir eða tilsníðnir.
	27	Aðrir trékassar.
	28	Síldartunnur.
	46	Botnrúllur (bobbingar) úr trjáviði.
	47	Botnvörpuhlerar úr trjáviði.
41	6	Netja- og nótakorkur alls konar.
42	2	Strámottur til umbúða.
44	34	Ófóðraðir og óskreyttir pappakassar til umbúða, einnig tilsníðnir.
48	6	Netjagarn úr baðmull.
49	2	Hampur.
	5	Netjagarn úr hör eða ramí.
	8	Netjagarn úr hampi.
	9	Botnvörpugarn úr hampi.
	16	Mottur til umbúða.
	22	Umbúðastrigi úr jútu.
50	12	Færi og línur til fiskveiða.
	13	Óngultaumar.
	18	Kaðlar, einnig þótt í þá sé lagður málmþráður.
	19	Fiskinet og fiskinetjaslöngur.
	21	Netjateinungar með blýi eða korki.
	22	Lóðarbelgir.
60	15	Netjakúlur.
63	27	Vírkaðlar, einnig þótt í þeim séu spunaefnaþræðir.
	92	Vörpujárn, „bobbingar“ og aðrir botnvörpuhlutir úr járn, ót. a.
	97	Netjakúlur.
64	13	Veiðarfæralásar og hringir í herpinætur o. þ. h.
66	6	Netjakúlur.
67	5	Blýlóð (sökku).
84	9	Fiskiönglar.

*Fjármálaráðuneytið, 12. febrúar 1948.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*